

1. fundur vinnuhóps um Atvinnumálastefnu Uppsveitanna haldinn í Aratungu 29.9. 2022 kl. 16:00-18:00

Mættir voru: Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviði SASS, Brynja Hjálmtýsdóttir frá Háskólafélagi Suðurlands, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnæssýslu (3) og 6 fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra (2 voru forfallaðir)

Bláskógabyggð

Steindóra Þorleifsdóttir formaður atvinnu- og ferðamálanefndar (er erlendis !)

Sölvi Arnarson

Hrunamannahreppur

Herbert Hauksson formaður Atvinnu- og ferðamálanefndar

Nina Faryna

Grímsnes- og Grafningshreppur

Anna Katarzyna Woznicka formaður atvinnu- og menningarnefndar

Anna María Daníelsdóttir

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árni Már Einarsson, formaður atvinnumálanefndar (tilkynnti forföll!)

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

1. Fundarmenn kynntu sig
2. Þórður Freyr Sigurðsson kynnti ferlið við að móta atvinnumálastefnu, vinnulag og hvað framundan er í þeirri vinnu hér í uppsveitunum. Þessi hópur fulltrúa sveitarfélaganna fjögurra mun taka virkan þátt í því. Verkenisstjórnun og utanumhald verður í höndum Þórðar Freys Sigurðssonar, Brynju Hjálmtýsdóttur og Ásborgar Arnþórsdóttur. Umræður spunnust um hvers konar stefnu, hversu viðamikla, tímaramma, mögulegar áherslur, sameiginleg stefna/aðskildar aðgerðaáætlanir, sjálfbærni, nýsköpun, samfélagsmál. Fundarmenn voru sammála um að þetta yrði atvinnumálastefna með aðgerðaáætlun og verkefni eyrnamerkt ákveðnum aðilum til að framkvæma/innleiðingar. Mögulegt er að fella atvinnumálastefnu inn í aðalskipulagsvinnu sveitarfélaganna.
3. Umræður. Góðar umræður spunnust um atvinnumálastefnu og vinnuna framundan. Næsta skref er opinn fundur/atvinnumálaþing sem haldið verður á Flúðum 6. október. Ákveðið að yfirskriftin þar yrði “ Uppsveitir 2040“ og leitast við að fá fundarmenn til að fara á flug um framtíðarþróun atvinnumála og búsetu í uppsveitum. Hvernig viljum við sjá uppsveitirnar eftir 20 ár og hvernig komumst við þangað. Atvinnumál eru samfélagsmál og tvinnast inn í alla þætti mannlífs og sveitartjónarmál þar með talið. Vonast er til að afrakstur af atvinnumálaþinginu verði gott veganesti inn í áframhaldandi vinnu. Þar komi fram einhverjar áherslur sem hægt verði að vinna með áfram. Næsti áfangi þar á eftir verður rafræn íbúakönnun, svo allir hafi tækifæri til að taka þátt. Fundarmönnum var afar tíðrætt um húsnæðismál sem greinilega eru mjög mikilvægur þáttur í þróun atvinnulífs og íbúaðróunar á svæðinu. Dæmi eru um að starfmenn séu keyrðir inn á svæðið í stórum stíl og einnig að húsnæðisskortur sé takmarkandi þáttur í framþróun fyrirtækja. Umhugsunarvert er að starfsfólk sé háð atvinnurekanda um húsnæði. Hjálpumst að við að deila upplýsingum um atvinnumálaþingið og hvetja fólk til þátttöku. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið
ÁÁ